

Fagráð í hrossarækt

99. fundur

Staður og stund: Zoom fundur, mánudaginn 20. September 2021. Kl 13.30

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason, Sveinn Ragnarsson og Elsa Albertsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Hrossaræktarráðstefna
 - Fyrirkomulag og tímasetning
 - Mögulegir fyrirlestrar: Susanne Braun um *faraldsfræðilega könnun á kynsjúkdómum hjá íslenskum hestum* og Heiðrún Sigurðardóttir um fyrstu niðurstöður úr doktorsverkefni hennar um *erfðafræðilegan grunn gangtegunna íslenska hestsins*
3. Yfirferð yfir helstu niðurstöður sýningarársins 2021
4. Stofnverndarsjóður
 - Möguleikar á úthlutun úr sjóðnum
5. Erindi sem barst Fagráði í hrossarækt
6. Annað

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólki velkomið.

2. Hrossaræktarráðstefna

Fyrirkomulag og tímasetning hrossaræktarráðstefnunnar rædd. Á henni verður farið yfir hefðbundna dagskrárliði s.s. niðurstöður sýningarársins, samanburður við fyrri ár og hvernig helstu breytingar dómkerfinu birtast í þeim. Enn fremur verður farið yfir niðurstöður nýs kynbótamats, afkvæmahross veitt viðurkenning sem og hross er hlutu hæstu einkunnir á árinu, bæði í aðaleinkunn og fyrir hæfileika, og kynnt tilnefnd ræktunarbú ársins 2021.

Stefnt var að því fyrr á árinu að endurskoða mörk afkvæmahryssna til verðlauna auk aldursleiðréttingar á aðaleinkunn. Þessi vinna hefur ekki verið hafin en fyrir liggur að gera kynbótamatsútreikninga innan skamms.

Markmið er að hafa ráðstefnuna bæði með hefðbundnum sniði auk þess að streyma henni.

Mögulegir fræðslufyrirlestrar til kynningar á ráðstefnunni er erindi frá Susanne Braun um *faraldsfræðilega könnun á kynsjúkdómum hjá íslenskum hestum* og erindi frá Heiðrúnu Sigurðardóttur um fyrstu niðurstöður úr doktorsverkefni hennar um *erfðafræðilegan grunn gangtegunda íslenska hestsins*

4. Niðurstöður sýningarársins 2021 sýna að hross sem mættu til dóms á Íslandi árið 2021 eru yngri samanborið við tvö síðustu ár. Einhver breyting er á einkunnum innan eiginleika samanborið við árið 2019 og 2020 en breytingarnar eru ýmist hækkanir eða lækkanir. Aðeins færri dómur féllu á árinu samanborið við 2020 en sambærilegur fjöldi og var árið 2019. Það er alla jafna þannig á árum milli Landsmóta að nokkuð færri dómur falla þá.

Stefnt er að því að fara í fundarferð Félags hrossabænda og kynna stefnumál þeirra, hvernig möguleg félagsaðild að BÍ verður auk þess sem áhrif helstu breytinga í dómskerfinu höfðu áhrif á niðurstöður kynbótasýninga.

5. Stofnverndarsjóður er starfræktur skv. reglugerð nr. 1123/2015 og möguleikar á úthlutun úr sjóðnum miðast þar við. Síðastliðin 5 ár hefur verið nýtt ákvæði til bráðabirgða til aukinna úthlutana. Erindi hefur verið sent inn til ráðuneytisins um að framlengja leyfi til aukinnar úthlutun en það bíður afgreiðslu.
6. Fagråd þakkar Ágústi Marinó Ágústssyni fyrir innsent erindi varðandi mistök við skráningu á dómsniðurstöðu hryssunnar Daggar frá Sauðanesi (IS2014267180). Atvikið átti sér stað á kynbótasýningu á Hólum dagana 20-22.júlí 2021. Afar leiðinlegt er þegar mistök eiga sér stað og mikilvægt að þau séu leiðrétt hið fyrsta, þannig að réttar upplýsingar séu skráðar í gagnagrunn hrossaræktarinnar. Fagråd hvetur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), sem er ábyrgðaraðili sýningarhaldsins, að fara vel yfir þá verkferla sem unnið er eftir við skráningu niðurstaðna dómnefnda á kynbótasýningum. Það er mikilvægt að skýrt verklag sé viðhaft ef mistök eiga sér stað.

Elsa Albertsdóttir vék af fundinum við afgreiðslu erindis

7. Annað sem rætt var á fundinum var kostnaður við kynbótasýningar og ósk um að fá upplýsingar frá RML um heildaruppgjör þess og hver hlutur hrossaræktarinnar væri til RML vegna kynbótasýninga. Þá var rædd staða frjósemi í hrossastofninum og leiðir til þess að nálgast upplýsingar um frjósemi. En smáforrit (*app*) hefur verið í smíðum sem safnar slíkum upplýsingum og tengir þær við upplýsingar um einstakling í WorldFeng.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:00

Við pennann: Elsa Albertsdóttir